| | | |
|---|---|---|
| Nr.: GAT-115<br>Útgáfa: 01<br>Dags.: 13.02.2019 | **Menntaskólinn í Kópavogi** | |
| Höfundur: GV<br>Samþykkt: MF<br>Síða 1 af 1 | **Áfangalýsing AFRK3CA05** | |

| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | Haust 2019 – 1. útg |
| **Námsgrein** | Afreksíþróttir |
| **Titill** | Afreksíþróttir V |
| **Skammstöfun** | AFRK3CA05 |
| **Viðfangsefni** | Afreksíþróttir V |
| **Staða áfanga** | |
| **Þrep áfanga** | 3 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Fimmti áfangi á Afrekssviði Menntaskólans í Kópavogi<br><br>Náminu er skipt í bóknámshluta og verklegan hluta. Í bóknámi kynnast nemendur ýmsum þáttum sem skipta máli fyrir afreksíþróttafólk og vinna verkefni því tengdu. Í verklegu námi fara nemendur ýmist í tíma í sinni íþrótt eða í styrktarþjálfun samkvæmt áætlun frá fagstjóra.<br><br>Meiddir nemendur mæta hjá sjúkraþjálfara í Sporthúsinu á miðvikudögum kl. 10.00 – 11.00.<br><br>Nemendur sem skila ekki inn öllum verkefnum verða að taka lokapróf. |
| **Forkröfur áfanga** | |
| **Þekkingarviðmið** | Nemendur læra um helstu strauma og stefnur í afreksþjálfun, ímynd íþróttafólks og samfélagslegt hlutverk, hvernig eigi að koma fram í fjölmiðlum, samningatækni og hví það sé mikilvægt að tvinna saman nám og íþróttir. |
| **Leikniviðmið** | Nemendur sýni af sér stundvísi, virðingu og aga í hvívetna. Að nemendur vinni að því að auka leikni sína í sinni íþrótt í verklegum tímum. |
| **Hæfniviðmið** | Miðað er við að íþróttafólk á afrekssviði sé virkt í starfi íþróttafélaga og fái meðmæli þaðan. |
| **Námsmat** | |